

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

9. fundur stjórnar L.H. haldinn í Vindási, Fljótshlíð,
11. júní 1991.

Mættivorur: Kári Arnórsson, Jón Bergsson, Gunnar B. Gunnarsson,
Skúli Kristjónsson, Halldór Gunnarsson, Ingimar
Ingimarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigrún Sigurðar-
dóttir og framkvæmdastjórnin Sigurður Þórhallsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skoðun á mótssvæðinu Gaddstaðaflötum við Hellu.

Ekið var austur og mótssvæðið skoðað. Gengið var um velli, tjaldsvæði og öll mannvirki önnur skoðuð. Sigfús Guðmundsson og Kristinn Guðnason voru á staðnum og svöruðu spurningum stjórnarmanna og sýndu svæðið. Þá buðu þeir stjórn L.H. í kaffi og ræddu málín ennfrekar þar. Það kom glöggt fram að eigendur Rangárbakka s.f. hestamannafélögin á Suðurlandi hafa lagt mikið af mörkum til þess að gera mótssvæðið sem glæsilegast og best úr garði. Þar sem fjórðungsmót sunnlenskra hestamanna verður haldið á Gaddstaðaflötum í lok júní gefst kostur á að fylgjast með hvernig svæðið er í stakk búið að taka við stórmóti og öllu því sem fylgir slíkum mótum.

2. Stórmótahald og skipulagsmál L.H.

Formaður greindi frá vinnufundi sem hann ásamt Ingimar og Sigfúsi sátu fyrr um daginn þar sem rædd voru þessi mál er varða stórmótahald og fjórðungsráð. Niðurstæðan af þessum fundi varð sú að þessi mál verði tekin saman í greinargerð og lögð fyrir stjórnarfund L.H. í haust. Mun þessi briggja manna hópur innan stjórnarinnar semja bessa greinargerð.

Það sem fram hefur komið er að stjórnin mun leggja fyrir næsta þing L.H. tillögur í þessum málum en fyrir liggar að um litlar breytingar er að ræða á stórmótahaldi og að skipulagsmálin virðast vera í þeim farvegi að ekki sé vilji fyrir breytingum á L.H. hjá þeim félögum sem sent hafa inn til skrifstofunnar álit.

3. Hvernig á ísl. hesturinn að vera?

Nefnd sú, sem hóf undirbúning að því að búa til spurningarlista til að senda ákveðnum hópi hestamanna og annarra var lagður fram á fundinum. Þessi spurningarlisti var ræddur og leist fundarmönnum vel á hann. Fleiri hugmyndir að spurningum og öðrum atriðum sem kanna þyrfti kom fram. Var Sigrún Sigurðardóttir ásamt meðnefndarmönnum hennar þeim Guðmundi Jónssyni og Gunnari B. Gunnarssyni falið að fullgera spunningarlista og senda hann út til 40 einstaklinga sem eiga að svara því hvernig ísl. hesturinn eigi að vera. Þessi könnun er gerð samkvæmt samþykkt síðasta þings L.H.

4. Samningur við HÍS.

Formaður lagði fram drög að samstarfssamningi milli L.H. og HÍS um rekstur skrifstofu o.fl. Þessum samningi er ætlað að auðvelda nauðsynlega samvinnu þessara aðila og tengja þá betur saman, tryggja hagkvæmni í rekstri og að mál fái örugga meðhöndlun.

Þessi samningsdrög voru rædd nokkuð og var formanni falið að undirrita samning við HÍS fyrir hönd L.H. um þessa samvinnu.

Frá 1. júní 1991 til 31. des. 1991 er hlutur HÍS í kostnaði við rekstur skrifstofunnar ákveðinn föst upphæð kr. 600.000.-

5. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri L.H. ræddi um merkingar hrossa í sýningum og keppni á stórmótum. L.H. á merki frá síðasta landsmóti sem eru til útleigu fyrir mótshaldara hverju sinni.

Stjórn L.H. mun leggja fram tillögu um merkingar hrossa í sýningum og keppni á stórmótum á næsta þingi L.H.

6. Til stjórnar höfðu borist ýmiss bréf þar á meðal kvartanir vegna úrtökukeppn fyrir FM '91. Framkvæmdastjóra var falið að svara þeim aðilum sem óska svara við sínum fyrirspurnum.

Rætt var um þáttökugjald sem keppendur þurfa að greiða mótshöldurum fyrir þáttöku í keppni í gæðinga og unglingsflokkum. Þetta mál mun stjórnin fjalla um síðar og undirbúa tillögu hvað þetta varðar fyrir næsta þing.

Fleira rætt en ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Ingimar Ingimarsson
Gunnar B. Gunnarsson
Sigrún Sigurðardóttir
Jón Bergsson.

Kári Arnórsson
Skúli Ögm. Kristjánsson.

Eftir fundinn skoðuðu stjórnarmenn hrossaræktarbúið að Vindási - hross og búnað undir leiðsögn formannsins Kára Arnórssonar, síðan var snæddur kvöldverður að Hlíðarenda.